



***Fornleifaskráning vegna lagningu jarðstrengs við
Gröf í Eiðabínghá, Múlapingi***



Indriði Skarphéðinsson

2025

Forsíðumynd: Rústahóll [3509-001] mynd tekin til suðausturs.




© Indriði Skarphéðinsson & Rannveig Þórhallsdóttir

Nóvember 2025

Efnisyfirlit

Abstract	1
Inngangur	2
Skráningarsvæðið	2
Fornleifaskráning	3
Gröf	3
[3509-001] hóll – hestús/bæjarstæði	4
[3509-001] tóft – óþekkt	4
Niðurstöður	6
Heimildaskrá:	6
Viðauki I. Vegna tilefnis	7
Samantekt	7
Viðauki II. Minjaskrá	8
Viðauki III. Minjakort	8



Kort 1. Staðsetning skráningarsvæðisins.


Abstract

RARIK commissioned *Sagnbrunnur ehf.* to carry out an archaeological survey of the area affected by a planned electrical cable at Gröf in Eiðarþinghá, Múlaþing. The project is registered under number 3509. During the fieldwork, two archaeological features were identified, both considered to be at risk due to the proposed development. In response, mitigation measures were recommended to prevent any disturbance to the protected archaeological remains. These include adjustments to the planned cable route and the use of clear markings during the cable-laying process. The Cultural Heritage Agency of Iceland will determine the appropriate preservation measures in accordance with the Icelandic Heritage Act No. 80/2012.

Inngangur

Að beiðni RARIK ehf. tók Sagnabrunnur ehf. að sér fornleifaskráningu á leið strengs frá Gröf í Eiðabíngi, Múlaþingi. Fulltrúi verkkaupa var Haraldur Klausen og fékk verkið verkefnanúmerið 3509 hjá Minjastofnun Íslands. Samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 skal skráning á fornleifum, húsum og mannvirkjum fara fram áður en hafist er handa við plægingu raf-, vatns- og fjarskiptalagna. Tilgangur fornleifaskráningar er að kanna skv. þeim lögum heimildir um fornleifar á lagnaleið, ásamt því að skoða lagnaleið á vettvangi til að meta eins nákvæmlega og unnt er hvort fornleifar sjáist á yfirborði eða gætu leynst undir sverði. Farið var á vettvang þann 1. nóvember síðastliðinn og svæðið tekið út. Skráðar voru tvær fornleifar í og við skráningarsvæðið.

Skráningarsvæðið



Kort 2. Skráningarsvæðið afmarkað með rauðri línu.

Skráningarsvæðið fylgir legu fyrirhugaðs rafmagnsstrengs sem plægja á í jörð við Gröf í Eiðapinghá, Múlaþingi. Skráningarsvæðið liggur á rúmlega 600 m lögnum kafla til austurs frá Gröf. Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar. Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.). Því eru allar þær fornleifar á könnunarsvæðinu sem og annars staðar sem eru eldri en 100 ára, friðaðar skv. lögnum. Friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra skv. 22. gr. Um friðaðar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði umhverfis samkvæmt sömu grein. Vegna þessa var tekið út 15 m svæði sitt hvoru megin við fyrirhugaða legu strengsins, 30 m breitt svæði í heildina. Engar friðlýstar fornleifar eru innan eða í nálægð við skráningarsvæðið. Fornleifaskráning hefur ekki verið gerð áður á svæðinu en skráningarsvæðið liggur að svæði sem skráð var vegna deiluskipulags við Davíðsstaði árið 2021 (Rannveig Þórhallsdóttir 2021). Fornleifastofnun Íslands gerði svæðisskráningu í Eiðapinghá árið 1999 þar sem skráðar voru fornleifar út frá heimildum (Orri Vésteinsson & Sædís Gunnarsdóttir 1999).

Fornleifaskráning

Við fornleifaskráninguna voru helstu heimildir skoðaðar svo sem eldri skráningar, búnaðarrit, örnefnaskrár, túnakort, gamlar og nýjar loftmyndir o.s.frv. Ásamt þessu var gengið um allt svæðið og það skoðað á vettvangi. Við fornleifaskráninguna voru skráðar tvær minjar, rústahóll [3509-001] og tóft [3509-002].

Gröf

Talið er að Gröf hafi ekki byggst fyrr en eftir árið 1397 en hennar er ekki getið í Vilchinsmáldaga frá þeim tíma, árið 1575 er hún komin á skrá Eiðajarða og byggist úr heimalandi Eiða (Íslenzkt Fornbréfasafn 4. bindi; Íslenzkt Fornbréfasafn 15. bindi, bls 686; Ármann Halldórsson 1975, bls 264). Í Jarðatali Johnsen er Gröf skráð hjáleiga frá Eiðum og ekki sérstaklega metin en Eiðar eru metnir á 60 hundruð ásamt tveimur hjáleigum (Jón Johnsen 1847:269). Gamla túnið á Gröf er sagt holótt og harðlent, engjar eru í mýrum víða um landið, beitiland gott allan ársins hring, vötn mörg kvik af fiski. Gröf fer í eyði árið 1967 en frá 1970 var hún í ábúð án búsetu (Ármann Halldórsson 1975, bls. 264-65).

[3509-001] hóll – hesthús/bæjarstæði

Í örnefnaskrá Grafar segir: „*Fremst og efst á Hraungarði var Hesthús. Þar í kring var kallað Hesthústún. Þar sem Hesthúsið var, er nú íbúðarhús í Gröf*“ (Örnefnaskrá Gröf, bls. 3). Örnefnaskráin er skráð árið 1970 en síðan þá hefur íbúðarhúsið verið rífið og annað reist um 90 m norðvestar. Gamli bærinn stóð



Mynd 1. Hóll [3509-001], mynd tekin til austurs.

nokkuð vestar og norðar, stutt vestan við núverandi sumarhús á Gröf en hann brann árið 1948 og var þá reist nýtt á þessum stað (Ármann Halldórsson 1975, bls. 264). Á örnefnakorti Landmælinga Íslands er örnefnið hesthús staðsett um 70 m sunnar og á gamalli loftmynd frá 1975 (LMI-Kort-D28-8002) má sjá lágreist hús eða tóftir á þeim stað. Á ljósmynd sem tekin er af Birni Björnssyni eitthvað áður en að gamli bærinn brennur má sjá tveggja stafna hús með því er virðist hlöðu aftan við. Minjarnar eru nokkuð þýfðar og grónar háu grasi. Um er að ræða nokkuð lágan rústahól sem stendur nokkuð þétt við bíslóða heim að sumarbústaðnum sem stendur fyrir neðan, nálægt gamla bæjarstæðinu. Norðan megin í hólnum má greina 5,3x2,8 m stóra ferhyrnda dæld sem líklega markar fyrir innra rými. Sunnan megin í hólnum ganga tveir rúmlega 10 m lágreistir veggir til suðurs frá austur- og vesturhliðum hólsins. Innan þétt innan við veggina liggur mjór skurður samhliða veggjunum og á milli þeirra næst hólnum. Minjarnar voru skráðar í svæðisskráningu

Fornleifastofnunar Íslands undir númerinu SM-003:005 (Orri Vésteinsson & Sædís Gunnarsdóttir 1999:19).

[3509-001] tóft – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar efst í aflíðandi brekku ofan við sumarhúsið á Gröf, um 25 m norðan við hól [3509-001]. Um er að ræða 5,7x5 m stóra ferhyrnda tóft eða



Mynd 2. Tóft [3509-002], mynd tekin til norðurs.

þúst. Ekki er vel greinanlegt innra rými í tóftinni en trúlega hefur verið gengið inn í hana að

neðan, eins má ekki greina greinilegt vegglag á tóftinni en hún stendur hæst um 0,5 m. Á ljósmynd sem tekin var af Birni Björnssyni á einhverjum tímapunkti á fyrri hluta 20. aldar, áður en gamli bærinn brennur árið 1948, má sjá móta fyrir lágreistu húsi eða tóft á staðnum. Nú stendur timburkofi þétt norðan við minjarnar.



Mynd 3. Horft til norðurs yfir bæjarstæði Grafar. Hægra megin á miðri myndinni má greinilega sjá hesthús [3509-001] uppistandandi og tóft [3509-002]. Myndin er tekin á tímabilinu 1912-1953.

Sögulegar ljósmyndir. Ljósmyndasafn Íslands © Þjóðminjasafn Íslands

Ljósmyndari: Björn Björnsson

Safnnúmer: [BB1-2395]

Birt með leyfi

Niðurstöður

Skráðar voru tvær minjar í og við skráningarsvæði, liggja þær spölkorn frá hvorri annarri við gamla heimatúnið á Gröf. Um er að ræða tóft [3509-002] sem trúlega er leifar lítils kofa eða jafnvel heystæðu, og rústahól [3509-001] þar sem áður stóðu hesthús og síðar á miðri 20. öldinni íbúðarhúsið á Gröf. Minjarnar eru ekki mjög fornar og eru trúlega frá 19.-20. öld en eldri minjar gætu legið þar undir. Ekki sást aðrar fornleifar innan skráningarsvæðisins en bent er þó á að fornleifar geti leynst undir sverði án þess að nokkur ummerki þeirra sjáist á yfirborði. Komi áður ókunnar fornminjar í ljós við framkvæmdir á svæðinu skal samkvæmt 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 gera Minjastofnun Íslands viðvart án tafar.

Heimildaskrá:

Ármann Halldórsson (1975). *Sveitir og Jarðir í Múlapingi*. II. bindi. Búnaðarsamband Austurlands. Prentsmiðjan Hólar. Seltjarnarnes.

Íslenzkt Fornbréfasafn 4. bindi (1897). Hið Íslenska Bókmenntafélag. S.L. Möller. Kaupmannahöfn.

Íslenzkt Fornbréfasafn 15. bindi (1947-50). Hið Íslenska Bókmenntafélag. Félagsprentsmiðjan H.F. Reykjavík.

Jón Johnsen (1847). *Jarðatal á Íslandi*. S. Trier. Kaupmannahöfn.


Landmælingar Íslands, loftmyndasafn, mynd: LMI-Kort-D28-8002.

Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir. (1999). Menningarminjar í Eiðapinghá í Suður-Múlasýslu. Svæðisskráning. Fornleifastofnun Íslands ses. Skýrsla FS075-98084.

Rannveig Þórhallsdóttir (2021). *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags að Davíðsstöðum í Eiðapinghá, Múlapingi*. Sagnabrunnur ehf..

Örnefnastofnun, Örnefnaskrá, Gröf, Eiðahrepp, Suður-Múlasýslu. 1970. Eiríkur Eiríksson skráði.

Viðauki I. Vegna tilefnis



Kort 3. Minjar í hættu vegna framkvæmdanna, upprunaleg lega strengsins merkt með grænum og breytt lega merkt með gulum.

Samantekt

Við fornleifaskráninguna voru skráðar tvær minjar og teljast þær báðar í hættu vegna framkvæmdanna. Um er að ræða óþekkta tóft [3509-002] og rústahól [3509-001]. Fyrirhuguð lega strengsins kom til með að liggja í gegnum tóft [3509-002] en heimtaugin tengist við kofa sem stendur þétt norðan við tóftina. Var gerð breyting á legu hennar og liggur hún nú um 6 m frá tóftinni. Línan liggur enn innan 15 m friðhelgi tóftarinnar en á vettvangi sáust engin ummerki þess að frekari minjar gætu legið við tóftina. Heimtaugin liggur einnig um 9 m norðan við rústahól [3509-001] og kemur því til með að raska 15 m friðhelgi minjanna. Strengurinn kemur til með að liggja stutt norðan og neðan við heimreiðina að sumarbústaðnum í Gröf, í lægð neðst í brekku sem liggur frá hólnum til norðurs. Ekki sáust nein ummerki þess á vettvangi að frekari minjar lægju í lægðinni neðan við hólninn.

Samkvæmt 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 teljast friðaðar fornleifar hvers kyns mannvistarleifar, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og er 100 ára og eldri. Í 21. gr. sömu laga segir enn fremur að fornleifar sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Er því beint til framkvæmdaraðila að tillit sé tekið til fornleifanna og friðhelgi þeirra þegar ráðist verður í framkvæmdir á svæðinu. Hér hafa verið lagðar til mótvægisáðgerðir til að takmarka þá hættu sem stafaði af skráðum minjum á svæðinu, þær fela í sér breytingu á legu strengsins svo að lagning hans komi ekki til með að raska minjum. Ásamt því er lagt til að rækilega verði merkt fyrir minjunum á framkvæmdartíma svo tryggja megi enn fremur að þær verði ekki fyrir raski við framkvæmdirnar. Það er Minjastofnunar Íslands að meta eðli og umfang minjanna og setja þá skilmála sem henni kann að þykja nauðsynlegir.

Viðauki II. Minjaskrá

Númer	Teg.	Hlutverk	Vernd	Ástand	Aldur	ÍSNET E	ÍSNET N
3509-001	hóll	hesthús/bæjarhús	friðað	greinanlegt	1800-1950	715531.061	553958.075
3509-002	tóft	óþekkt	friðað	greinanlegt	1800-1970	715517.540	553988.744

Viðauki III. Minjakort

Minjakort

